

Mánudaginn 17. nóvember 1952.

Nr. 59/1951.

**Protabúi Byggingafélagsins Smiðs h/f og
Kristján Erlendsson** (Gústaf A. Sveinsson)
gegn

**Guðrúnu Þorgrímsdóttur og
Tómasi Tómassyni** (Sveinbjörn Jónsson)
og

**Guðrún Þorgrímsdóttir og
Tómas Tómasson** (Sveinbjörn Jónsson)
gegn

**Protabúi Byggingafélagsins Smiðs h/f og
Kristjáni Erlendssyni** (Gústaf A. Sveinsson)
og

Kaupvangi h/f (Einar B. Guðmundsson).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jóns Ásbjörnssonar.

Skaðabótamál.

Dómur Hæstaréttar.

Aðaláfrýjendur hafa skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 10. maí 1951. Krefjast þeir þess, að þeir verði dæmdir sýknir af kröfum gagnáfrýjenda og að þeim verði dæmdur málskostnaður úr hendi þeirra in solidum bæði í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjendur hafa áfrýjað málinu með stefnu 10. maí 1951. Krefjast þeir þess, að aðaláfrýjendur og Kaupvangur h/f verði dæmd fébótaskyld in solidum gagnvart gagnáfrýjendum út af láti Tómasar Tómassonar, Bröttugötu 6, svo og að sömu aðiljum verði dæmt að greiða þeim málskostnað in solidum í þessum hluta málsins bæði í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar.

Stefndi, Kaupvangur h/f, hefur krafizt sýknu af kröfum gagnáfrýjenda og málskostnaðar fyrir Hæstarétti úr hendi þeirra eftir mati dómsins.

Fallast má á rök héraðsdóms fyrir því, að öryggisútbúnaði þeim, sem hafður var við viðgerð á þaki Mjólkurfélagshússins

við Tryggvagötu, hafi verið mjög áfátt og að aðaláfrýjendur séu fébótaskyldir gagnvart gagnáfrýjendum báðum af þeim sökum. En þar sem ljóst þykir, að Tómas Tómasson, sem fyrir slysinu varð, hafi ekki sýnt nægilega aðgæzlu, er hann fór til starfans á þaki hússins án þess að kvarta undan öryggisskortinum, þá þykir rétt, að aðaláfrýjendum verði gert skylt að greiða $\frac{4}{5}$ hluta tjónsins. Hins vegar ber með skírskotun til raka héraðsdóms að staðfesta ákvæði hans um sýknu Kaupvangs h/f.

Gagnáfrýjendur hafa haft gjafsókn í málinu bæði í héraði og fyrir Hæstarétti. Eftir úrslitum málsins þykir rétt, að aðaláfrýjendur greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5200.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 200.00, en talsmaður gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti kr. 5000.00. Málskostnaður falli niður, að því er varðar stefnda Kaupvang h/f.

Dómsorð:

Stefndi, Kaupvangur h/f, á að vera sýkn af kröfum gagnáfrýjenda, Guðrúnar Þorgrímsdóttur og Tómasar Tómassonar, og falli málskostnaður í héraði og fyrir Hæstarétti niður, að því er þessa aðilja varðar.

Aðaláfrýjendur, þrotabú Byggingafélagsins Smiðs h/f og Kristján Erlendsson, eru fébótaskyldir in solidum gagnvart gagnáfrýjendum, að því er varðar $\frac{4}{5}$ hluta tjóns þeirra vegna fráfalls Tómasar Tómassonar, Bröttugötu 6.

Aðaláfrýjendur greiði málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti, kr. 5200.00. Af þeim hljóti ríkissjóður kr. 200.00 og talsmaður gagnáfrýjenda í héraði og fyrir Hæstarétti, Sveinbjörn Jónsson hæstaréttarlögmaður, kr. 5000.00.

Dóminum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 4. maí 1951.

Mál þetta, sem dómtekið var í dag, hefur Guðrún Þorgrímsdóttir, Bröttugötu 6 hér í bæ, að fengnu gjafsóknarleyfi 7. október 1949 höfðað fyrir

sína hönd og sonar síns, Tómasar Tómassonar stúdents, fyrir bæjarþinginu með stefnu, útgefinni 8. desember 1949, gegn h/f Kaupvangi, Byggingafélaginu Smið h/f, sem nú er in liquidatione, og Kristjáni Erlendssyni trésmiðameistara, öllum hér í bænum, til greiðslu skaðabóta in solidum, að fjárhæð kr. 126.630.00, auk 6% ársvaxta frá 4. október 1948 til greiðsludags og málskostnaðar að skaðlausu.

Eftir ósk lögmannna aðilja og ákvörðun dómsins var málinu skipt, sbr. ákvæði 5. mgr. 71. gr. laga nr. 85 frá 1936, og var það flutt munnlega um skaðabótaskyldu stefndu hinn 4. þ. m.

Hafa stefnendur í þessum þætti málsins krafizt þess, að stefndu verði in solidum dæmdir fébótaskyldir vegna fráfalls Tómasar Tómassonar trésmiðameistara, eiginmanns stefnandi Guðrúnar og föður stefnanda Tómasar, hinn 11. október 1948. Þá hafa stefnendur krafizt málskostnaðar úr hendi stefndu eftir mati dómsins, eins og málið væri ekki gjafsóknarmál.

Stefndu hafa krafizt sýknu af framangreindum kröfum stefnenda og málskostnaðar úr hendi þeirra í þessum hluta málsins eftir mati dómsins. Þá hafa stefndu Byggingafélagið Smiður h/f og Kristján Erlendsson krafizt þess til vara, að full fébótaábyrgð verði ekki lögð á þá.

Málavextir eru þessir: Haustið 1948 stóð yfir mikil viðgerð á þaki svo-nefnds Mjólurfélagshúss hér í bænum, en hús þetta er eign stefnda h/f Kaupvangs. Er hús þetta þrjár hæðir fyrir ofan götu og víða með bröttu þaki. Hafði stefndi Byggingafélagið Smiður h/f tekið að sér að framkvæma viðgerðina, og var stefndi Kristján Erlendsson verkstjóri við hana. Viðgerð á þakinu var framkvæmd þannig, að fyrir var tekinn nokkur hluti þess í einu og þakskífan rifin burtu og það timbur, sem fjarlægja þurfti vegna skemmda. Síðan var framkvæmd fullnaðarviðgerð á þessum hluta. Til öryggis fyrir þá, sem unnu að viðgerðinni á þakinu, og vegfarendur voru notaðir hlerar, er gerðir höfðu verið úr þremur 1×5 þumlunga borðum, negldum saman með þverslám. Voru 2 göt boruð í hvorn enda hleranna og sums staðar í þá miðja, í götin dreginn nýr kaðall og hlerarnir síðan reistir á rönd lóðrétt í þakrennu hússins. Böndin voru fest inn um kvisti og þakglugga. Náði umbúnaður þessi aðeins út fyrir það svæði á þakinu, sem tekið var fyrir til viðgerðar hverju sinni. Þá kemur fram, að í einstökum tilvikum notuðu þeir, sem á þakinu unnu, til frekara öryggis um sig bönd, sem voru örugglega fest, en eigi verður séð, að gengið hafi verið eftir því almennt, að menn hefðu um sig bönd, er þeir væru að vinna, þar sem þakið var bratt.

Um kl. 14 hinn 4. október 1948 heyrðu menn, er staddir voru á skrifstofu í norðvesturhorni Mjólurfélagshússins á þriðju hæð, einhver köll fyrir utan. Varð einum þeirra þá litið út um glugga skrifstofunnar, sem snýr út að Tryggvagötu, og sá hann, hvar Tómas Tómasson trésmiðameistari, Bröttugötu 6, er var einn af starfsmönnum við viðgerðina á þakinu, hékk í þakrennu hússins þannig, að hann hafði náð tókum á rennunni með báðum höndum fyrir aftan bak, og snéri hann frá húsinu. Hékk Tómas ofan við og móts við þriðja gluggann vestan frá á norðurhlíð hússins, en glugginn er bæði hár og breiður. Einn þeirra manna, er í skrifstofunni voru, hljóp

þegar upp í gluggakistuna, sem er svo breið, að auðvelt er að standa uppi í henni. Tókst honum samstundis að taka efri rúðu gluggans af hjörum, og með því að seilast síðan út um gluggann náði hann taki á annarri buxna-skálm Tómasar. En svo að segja um leið og maðurinn náði takinu, missti eða sleppti Tómas tókum þeim, sem hann hafði á þakrennunni, og féll niður. Missti maðurinn þá einnig af taki því, er hann hafði náð á buxna-skálm Tómasar, og féll Tómas því alla leið niður á gangstéttina. Við fallið meiddist Tómas mjög, og var hann þegar fluttur í Landsspítalann. Þar andaðist hann af afleiðingum slyssins hinn 11. október 1948. Segir svo um meiðsl þau, er Tómas heitinn hlaut við slysið, og dánarorsökina í skýrslu um réttarkröfningu, er fram fór á líki hans 13. október: „Mikil brot voru á báðum fótum, hælbein brotið hægra megin, en sköflungur og sperrileggur vinstra megin og lærbeinið einnig brotið vinstra megin. Brotin á fótunum hafa verið opin og infection komizt í þau. Af þessum miklu meiðslum hefur sjúklingurinn fengið lost (shock), en það, sem aðallega virðist hafa leitt hann til bana, eru æðastiflur víðsvegar um líkamann, einkum í lungum og heila, af fitu, sem borizt hefur í blóðið frá mergnum úr beinbrotunum.“

Er slysið varð, var viðgerðinni þannig komið, að síðast hafði þakskífan verið rifin af sneiðingi, sem er á norðvesturhorni þaksins, og af nokkru svæði, næst fyrir austan þenna sneiðing á norðurhliðinni. Hafði Tómas heitinn daginn áður unnið við að rífa þakskífuna af því svæði, en morgun þess dags, sem slysið varð, hafði verið lokið við að rífa þakskífuna af því svæði, sem tekið hafði verið fyrir til viðgerðar austan sneiðingsins. Náðu öryggishlerar þeir, sem áður er getið um, aðeins austur fyrir þann hluta þaksins, sem þakskífan hafði verið rifin af. Fast austan við vestasta kvistinn á norðurhlið þaksins lá stigi, er náði frá mæni nokkuð niður fyrir mitt þakið. Hafði stiginn verið notaður, er verið var að rífa þakskífuna á svæðinu austan við sneiðinginn, og verið látinn þarna, er því var lokið. Náðu öryggishlerarnir, að því er virðist, tæplega austur á móts við vesturhlið stigans, eins og frá honum var gengið á þakinu. Tómas heitinn féll fram af þakbrúninni og náði tókum á þakrennunni rétt austan við öryggishleraútbúnaðinn, og í þakrennunni við enda öryggishlerans fannst síðar hamar hans og rifjárn. Fyrri hluta dagsins hafði gengið á með hryðjum, og var þakið sleipt af bleytu, er slysið varð.

Stefnendur halda því fram og reisa á því dómkröfur sínar, að umrætt slys hafi orðið vegna vantandi og gallaðs öryggisútbúnaðar við framkvæmd viðgerðarinnar á þakinu svo og vegna ófullnægjandi eftirlits með verkinu. Telja þau, að stefndi Kaupvangur h/f sem eigandi Mjólkurfélags-hússins, stefndi Byggingafélagið Smiður, sem tók að sér viðgerðina og sá um hana, og stefndi Kristján Erlendsson sem verkstjóri við framkvæmd verksins beri solidariska ábyrgð gagnvart þeim á afleiðingum slyssins og séu því bótaskyldir fyrir allt það tjón, sem þau hafi beðið við fráfalið Tómasar heitins, að svo miklu leyti sem slíkt tjón geti orðið bætt með fé.

Stefnandi Guðrún kveðst hafa verið algerlega á framfæri manns síns,

Tómasar heitins trésmiðameistara, og hefði að sjálfsögðu orðið það áfram, ef hans hefði notið við. Hún kveðst hafa verið 64 ára að aldri, er málið var höfðað, og hafa mörg undanfarandi ár verið heilsuveil, þótt hún hafi klæðzt og gegnt húsmóðurstörfum eftir mætti. Þá sé efnahagur hennar ekki þannig, að hún geti séð fyrir sér sjálf.

Stefnandi Tómas kveðst hafa verið í 6. bekk Hins almenna menntaskóla, þegar faðir hans féll frá, og hafi faðir hans kostað hann að öllu leyti til náms. Hann kveðst nú stunda hagfræði- og félagsfræðinám í Bandaríkjunum og þurfa því á styrk að halda frá öðrum, þar til því námi sé lokið. Telur hann, að faðir sinn mundi hafa styrkt sig til framhaldsnáms, hefði hann lifað, en vegna dauða hans hafi hann farið á mis við slíkan styrk.

Stefndi Kaupvangur h/f reisir í fyrsta lagi kröfu sína um sýknu á því, að hann hafi fengið viðurkennt byggingafélag til þess að framkvæma og sjá um áðurgreinda viðgerð. Hafi framkvæmd viðgerðarinnar á allan hátt verið í höndum stefnda Byggingafélagsins Smíðs og á ábyrgð hans. Telur stefndi Kaupvangur það ekki hafa verið á valdi sínu að segja viðgerðarmanni fyrir verkum, að því er öryggisaðbúnað og eftirlit með viðgerðinni varðaði, enda verði slíks ekki krafist af húseigendum, þótt þeir láti fara fram viðgerð á húsum sínum. Þá reisa allir hinir stefndu kröfur sínar um sýknu af kröfum stefnanda Tómasar Tómassonar á því, að hann eigi ekki aðild í máli þessu. Tómas hafi verið orðinn 19 ára, er faðir hans dó, en bótakrafa hans sé byggð á 2. mgr. 264. gr. almennra hegningarlaga nr. 19 frá 1940. Telja stefndu, að í því ákvæði sé það skilyrði sett, að stefnandi slíks máls, sem þar ræðir um, hafi misst framfæranda, en framfærandi í þessu sambandi sé sá, er ábyrgð beri á framfærslu og uppeldi skylduómaga síns, enda sé skylduómaginn framfærslustyrks þurfi. Samkvæmt 3. gr. framfærslulaga nr. 80 frá 1947 sé foreldrum skylt að ala upp börn sín til 16 ára aldurs þeirra. Þetta sé aðalreglan. Að vísu beri foreldrum samkvæmt 6. gr. sömu laga að ala önn fyrir börnum sínum 16 ára og eldri. Í þessu ákvæði felist aðeins það, að foreldrum beri að annast það, að börn þeirra verði ekki sveitarstyrksþurfar, en í því liggi ekki, að föður beri skylda til að kosta börn sín um tvítugt til náms eða annars. Hafi Tómas heitinn því ekki verið framfærandi sonar síns í þeim skilningi 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganna.

Enn reisa stefndu kröfu sína um sýknu á því, að öryggisútbúnaður sá, er settur var upp vegna viðgerðarinnar og lýst er hér að framan, hafi verið fullnægjandi og eftirliti með verkinu hafi í engu verið ábótavant. Stefndi Kristján, sem hafði verkstjórn viðgerðarinnar á hendi, sé þaulvanur öllu, sem að slíkum verkum lýtur, og hann hafi áminnt þá, sem að viðgerðinni unnu, mjög ákveðið í því efni að fara varlega á þakinu. Halda stefndu því fram, að Tómas heitinn hafi ekki verið í erindum vegna starfs síns við viðgerðina, er hann fór upp á þakið hinn 4. október og slysið varð. Hann hafi haft fyriræmi um það frá stefnda Kristjáni að vinna inni á þakloftinu þenna morgun við að klæða innan sperrur, og því verki hafi ekki verið lokið, er hann fór upp á þakið eftir hádegis og féll niður af því. Telja

stefndu, að slysið hafi verið því að kenna, að Tómas heitinn muni hafa hagað sér óvarlega á þakinu, sennilega farið út fyrir það svæði, sem öryggisútbúnaðurinn náði til, en Tómasi, sem var vanur trésmiðameistari, hafi hlotið að vera ljóst, að við ferðir á þakinu bar að sýna fyllstu aðgæzlu.

Varakröfu sína reisa stefndu á því, að Tómas heitinn hafi með því að sýna ekki fulla aðgætni orðið meðvaldur að slysinu.

Stefnendur hafa mótmælt öllum framangreindum varnarástæðum stefndu.

Starfsemi stefnda Byggingafélagsins Smiðs h/f, sem tók að sér umrædda viðgerð fyrir stefnda Kaupvang h/f, var einkum smíði og viðgerðir á húsum, og hafði byggingafélagið í þjónustu sinni til þess að vinna að þessum verkefnum og sjá um þau marga iðnlærða smíði. Féll viðgerðin á þakinu alveg undir starfssvið Smiðs h/f. Var stefnda h/f Kaupvangi því rétt að treysta því, að byggingafélagið hefði allan öryggisútbúnað og eftirlit vegna viðgerðarinnar í fullkomnu lagi, og hafði ekki ástæðu til að skipta sér af þessum atriðum í sambandi við viðgerðina. Verður því að telja, að skortur á fullnægjandi öryggisútbúnaði og eftirliti við framkvæmd viðgerðarinnar hafi ekki verið á ábyrgð stefnda Kaupvangs, og ber þegar af þessari ástæðu að sýkna hann af kröfum stefnanda í málinu, en rétt þykir, að málskostnaður, að því er hann varðar, falli niður.

Það er óvæfengt, að Tómas heitinn hafi kostað son sinn til náms í Menntaskólanum og að Tómas mundi hafa styrkt hann til framhaldsnáms eftir stúdentspróf, enda er það eðlileg afstaða föður til sonar, sem leggur út í langt og dýrt nám. Í síðasta málslið 2. mgr. 264. gr. hegningarlaganná segir, að dæma megi bætur einnig fyrir röskun á stöðu eða högum. Það er ljóst, að fráfali Tómasar heitins hefur raskað högum sonar hans. Þykir hann því geta átt rétt til nokkurra fébóta, ef um skaðabótaskyldu er að ræða af hálfu stefndu Smiðs og Kristjáns. Hefur því krafa þeirra um sýknu vegna aðildarskorts Tómasar yngra ekki við rök að styðjast.

Í álitgerð sérfróðra manna, er kvaddir voru af sakadómaranum í Reykjavík til þess að skoða umbúnað þann, er settur hafði verið upp vegna viðgerðarinnar, segir, að þeir líti svo á, að útbúnaðurinn sé nægilega sterkur og í mörgum tilvikum, er framkvæmdar hafi verið svipaðar viðgerðir, hafi ekki verið til staðar útbúnaður betri en þessi til varnaðar vegfarendum og verkafólki. Hins vegar telja þeir, að sé um slíka stórviðgerð að ræða og það á fjölförnum stað, þá væri æskilegt að reisa vinnupalla með þéttklæddum efsta palli og handriði svo frá gengið, að slysaætta væri sem minnst fyrir vegfarendur og verkafólk. Í 22. gr. lögreglusamþykktar Reykjavíkur segir m. a. á þá leið, að allar, stoðir og annar útbúnaður þess konar, sem notaður sé við húsasmíðar og aðrar byggingar eða viðgerðir á húsum, skuli vera nægilega traustur, og á slíkum pöllum utanverðum eigi að vera a. m. k. 20 cm há brik og handrið eða reipi í brjósthæð. Svo sem áður er sagt, náðu öryggishlerar þeir, sem áður um getur, aðeins út fyrir svæði það, sem tekið hafði verið fyrir til viðgerðar, er slysið varð. Ekkert handrið eða reipi var upp af öryggis-

hlerunum. Þá var stigi sá, sem áður er greint frá, austar á þakinu en öryggishlerarnir náðu. Telja verður, að útbúnaður sá, sem notaður var vegna viðgerðarinnar, hafi verið ófullnægjandi til öryggis verkafólki, sem á þakinu vann, og vegfarendum, þar sem handrið eða reipi vantaði á umbúnaðinn og hann náði ekki nægilega langt út fyrir nauðsynlegt athafnasvæði. Bera stefndi Byggingafélagið Smiður h/f sem verktaki og stefndi Kristján Erlendsson, starfsmaður hans, er hafði umsjón með gerð öryggisbúnaðarins, ábyrgð á hinum ófullnægjandi umbúnaði og eru bótaskyldir solidarískt vegna tjóns, sem af honum kann að hafa hlotizt.

Tómas heitinn var starfsmaður stefnda Byggingafélagsins Smiðs h/f við viðgerðina. Hann hafði, svo sem áður er sagt, unnið að því að klæða innan á sperrur á þakloftinu að morgni dags þess, er slysið varð. Samkvæmt framburði vitnis, er vann með Tómasi heitnum inni á þakloftinu, hafði Tómas lokið þessu verki, er hann kl. 13.30 fór út á þakið um gat á sneiðingnum á norðvesturhorninu. Daginn áður hafði Tómas, eins og áður segir, unnið við það að rífa skifu af þakinu austan sneiðingsins, en ekki hafði um kvöldið verið lokið við að rífa skífuna af þeim hluta þaksins, er tekinn hafði verið fyrir, en því var lokið morguninn eftir. Er sennilegt, að Tómas hafi farið út á þakið í því skyni að halda áfram að rífa skífuna af þakinu, þar sem frá hafði verið horfið daginn áður, enda benda og rifjárn hans og hamar, sem fundust í þakrennunni við enda öryggishlerans, til þess. Var ferð Tómasar heitins út á þakið því í eðlilegu sambandi við vinnu hans við viðgerðina. Ekkert sást til ferða Tómasar heitins á þakinu, eftir að hann var þangað kominn um kl. 13.30, og er því eigi sýnt, að um nokkra óvarkárni af hans hálfu hafi verið að ræða. Telja verður, að fall hans fram af þakbrúninni og meiðsli þau, sem af því hlutust, er síðan leiddu hann til bana, megi að öllu leyti rekja til hins ófullnægjandi öryggisútbúnaðar. Ber því í þessum þætti málsins að dæma stefndu Byggingafélagið Smið h/f og Kristján Erlendsson fébótaskylda solidarískt gagnvart stefnendum vegna fráfalls Tómasar.

Ákvörðun um greiðslu málskostnaðar, að því er þessa aðilja varðar, verður tekin í væntanlegum dómi um fjárhæð fébótanna.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp dóm þenna ásamt meðdómsmönnum Gústaf E. Pálssyni verkfræðingi og Birni Rögnvaldssyni byggingameistara.

Dómsorð:

Stefndi h/f Kaupvangur á að vera sýkn af kröfum stefnenda, Guðrúnar Þorgrímsdóttur og Tómasar Tómassonar, í máli þessu, og falli málskostnaður niður, að því er þessa aðilja varðar.

Stefndu Byggingafélagið Smiður h/f in liquidatione og Kristján Erlendsson eru fébótaskyldir solidarískt gagnvart stefnendum vegna fráfalls Tómasar Tómassonar trésmíðameistara, Bröttugötu 6.